

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshrepps 1995-2015, frístundabyggð í landi Minni-Borgar.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshrepps 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Breytingin felst í því að 10 ha landbúnaðarsvæði í landi Minni-Borgar, Grímsnes- og Grafningshreppi, verður svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 24. apríl 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.